



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2025
USK24090201

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 10. desember 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Borgarlína 1. lota - Suðurlandsbraut - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir göturými Suðurlandsbrautar frá gatnamótum við Skeiðarvog og til vesturs að gatnamótum við Lágmúla. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og er í samræmi við markmið og stefnu landsskipulagsstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 - Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún - Fossvogsbrú. Samkvæmt tillögunni fer Borgarlínan um Suðurlandsbraut á tveimur miðjusetum sérakreinum (almenningsgangna) og er gert ráð fyrir göngu- og hjólastígum beggja vegna göturýmisins og gróðri á svæðum inn á milli. Þrjár Borgarlínustöðvar verða á svæðinu við Glæsibæ, Laugardalshöll og Lágmúla, samkvæmt uppdráttum Yrki arkitekta, dags. 27. nóvember 2025, og greinargerð Yrki arkitekta, dags. 28. nóvember 2025.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalistaflokks Íslands að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins greiða atkvæði gegn tillögunni.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingu, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Við fögnum tillögu að deiliskipulagi göturýmis Suðurlandsbrautar sem verður nú sett í auglýsingu. Nýjar verklagsreglur eiga að tryggja að íbúar á svæðinu verði vel upplýstir um hana. Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Tillagan er einnig í samræmi við þá yfirlýst stefnu borgarinnar að efla vistvæna og virka samgöngumáta.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiða atkvæði gegn fyrirliggjandi deiliskipulagi við Suðurlandsbraut þar sem gert er ráð fyrir því að teknar verði tvær akreinar af almennti umferð undir sérakreinar Borgarlínu. Fulltrúarnir telja mikilvægt að fjölga sérakreinum fyrir almenningssamgöngur í Reykjavík en telja það vel mega útfæra án þess að þrengja að almennti umferð, einn fararmáti þurfi ekki að vega að öðrum. Fulltrúarnir lýsa jafnframt andstöðu við þau áform að fjarlægja um 70% bílastæða af svæðinu en á Suðurlandsbraut starfar fjöldi fyrirtækja og fjöldi borgarbúa sækir þangað verslun og þjónustu. Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að rekstri á



Reykjavík



svæðinu enda geta afleiðingar fyrirbyggjandi deiliskipulags verið alvarlegar fyrir fyrirtækin á Suðurlandsbraut. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að endurhugsa deiliskipulagið frá grunni, með það fyrir augum að koma sérakreinum fyrir á jaðri akbrauta, án þess að þrengt sé að stofnbrautum og fjölda bílastæða á svæðinu.

Fulltrúi Framsóknarflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn hafnar þessari útfærslu á legu Borgarlínunnar um Suðurlandsbraut. Um er að ræða alvarlega aðför að þjónustu- og verslunarrekstri á svæðinu, þar sem fjölmörg fyrirtæki hafa starfað og byggt upp starfsemi sína í áratugi. Nú þegar er mikill skortur á bílastæðum á svæðinu. Þessi tillaga er reist á óraunsærri sýn á samgöngumál og mikilvægi Suðurlandsbrautar sem einnar af lykilumferðaræðum borgarinnar. Fyrirliggjandi hugmyndir taka hvorki mið af nauðsynlegu aðgengi né viðkvæmum rekstraraðstæðum þessara fyrirtækja þar sem fækkun bílastæða er veruleg, og horfa fram hjá þeim samfélagslegu og efnahagslegu áhrifum sem slík truflun hefði í för með sér. Framsókn greiðir atkvæði gegn tillögunni og óskar þess að ný útfærsla sé unnin enda styður Framsókn samgöngusáttmálann og verkefni hans.

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Uppdrættir Yrki arkitekta, dags. 27. nóvember 2025 og greinargerð Yrki arkitekta, dags. 28. nóvember 2025.



Reykjavík



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

- Sneiðingar
- Heiti blóstöðva
- Borgarlinustöðvar
- Aðkomusvæði stöðva
- Borgarlinubrautir
- Lega Borgarlínu í aðalskipulagi
- Hjólástigar
- Göngustigar/-stéttar
- Tengingar við stiga
- Göngu- og hjólaþveranir
- Akvegur
- Akstursstefnur, leiðbeinandi
- Innkeyrslur
- Svigrúm Borgarlínu
- Opin svæði
- Núverandi trjágróður
- Trjágróður
- Breytt lóðamörk
- Byggingar
- Byggingareitir
- Núverandi hæðarlínur

Deiliskipulag þetta er sett fram í eftirtöldum gögnum:
• Greinagerð með skilmálum, dags 28. nóvember 2025.
• Uppdrættir í mkv. 1:1000 (A1) ásamt sneiðingum í mælikvarða 1:200.
• Skýringaruppdráttur sem sýnir samhengi deiliskipulagsins við aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir í mælikvarða 1:3000 (A1).

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



REYKJAVÍKURBORG
DEILISKIPULAG BORGARLÍNU



DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

KVARDI	DAGSETNING	ÚTGÁFA	TEIKNING
1:1000 (A1)	28/11/25		1/5

YRKI arkitektar	VERK NR.	V413
	TEIKNAD	LI
	RÝNI	GÁ



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

Sneiðingar

Heiti blóstöðva

Borgarlínustöðvar

Aðkomusvæði stöðva

Borgarlínubrautir

Lega Borgarlínu í aðalskipulagi

Hjólástigar

Göngustígar/-stéttar

Tengingar við stiga

Göngu- og hjólaþveranir

Akvegur

Akstursstefnur, leiðbeinandi

Innkeyrslur

Svigrúm Borgarlínu

Opin svæði

Núverandi trjágróður

Trjágróður

Breytt lóðamörk

Byggingar

Byggingareitir

Núverandi hæðarlínur

Deiliskipulag þetta er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Greinagerð með skilmálum, dags 28. nóvember 2025.
- Upplættir í mkv. 1:1000 (A1) ásamt sneiðingum í mælikvarða 1:200.
- Skýringaruppláttur sem sýnir samhengi deiliskipulagsins við aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir í mælikvarða 1:3000 (A1).

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

REYKJAVÍKURBORG

DEILISKIPULAG BORGARLÍNU



DEILISKIPULAGSUPPDÁTTUR

KVARDI

1:1000 (A1)

DAGSETNING

28/11/25

ÚTGÁFA

TEIKNING

2/5



VERK NR.


LI



TEIKNAD

GÁ

RÝNI

V413





- Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040
- SKÝRINGAR**
- Sneiðingar
 - Heiti blóstöðva
 - Borgarlinustöðvar
 - Aðkomusvæði stöðva
 - Borgarlinubrautir
 - Lega Borgarlínu í aðalskipulagi
 - Hjólástigar
 - Göngustigar/-stéttar
 - Tengingar við stiga
 - Göngu- og hjólaþveranir
 - Akvegur
 - Akstursstefnur, leiðbeinandi
 - Innkeyrslur
 - Svigrúm Borgarlínu
 - Opin svæði
 - Núverandi trjágróður
 - Trjágróður
 - Breytt lóðamörk
 - Byggingar
 - Byggingareitir
 - Núverandi hæðarlínur

Deiliskipulag þetta er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Greinagerð með skilmálum, dags 28. nóvember 2025.
- Upplýsingar í mkv. 1:1000 (A1) ásamt sneiðingum í mælikvarða 1:200.
- Skýringarupplýsingar sem sýnir samhengi deiliskipulagsins við aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir í mælikvarða 1:3000 (A1).

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



REYKJAVÍKURBORG

DEILISKIPULAG BORGARLÍNU

1. LOTA


FRÁ SKEIÐARVOGI AÐ LÁGMÚLA



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Aðliggjandi deiliskipulög
- Lega Borgarlínu
- Borgarlínustöðvar
- Heiti stöðva



REYKJAVÍKURBORG
DEILISKIPULAG BORGARLÍNU

SKÝRINGARSUPPDRÁTTUR

KVARDI	DAGSETNING	ÚTGÁFA	TEIKNING
1:2000 (A1)	28/11/2025		5/5

YRKI
arkitektar


VERK NR. V413
TEIKNAD LI
RÝNT GÁ

DEILISKIPULAG BORGARLÍNU

1. LOTA: SUÐURLANDSBRAUT

Greinargerð

28. nóvember 2025





YFIRLIT

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými Suðurlandsbrautar frá gatnamótum við Skeiðarvog og til vesturs að gatnamótum við Lágmúla.

Tillagan er hluti af 1. lotu Borgarlínu og er í samræmi við markmið og stefnu landsskipulagstefnu, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 - Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún – Fossvogsbrú.

Deiliskipulagstillagan byggir á forhönnun fyrir svæðið.

UPPBYGGING GREINARGERÐAR

Þessari greinargerð er skipt í 4 kafla:

Í kaflanum **Almennar upplýsingar og forsendur** er farið yfir grunnatriði deiliskipulagsgerðar.

Í kaflanum **Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík - almennt** er farið yfir almennar upplýsingar um Borgarlínuna, forsendur og tengingar hennar við aðrar áætlanir. Einnig tilgang og markmið með deiliskipulagi Borgarlínu í Reykjavík.

Í kaflanum **Deiliskipulag Borgarlínu um Suðurlandsbraut** er farið yfir helstu forsendur á deiliskipulagssvæðinu sem um ræðir ásamt megininntaki deiliskipulagsins. Þar eru einnig settir fram skilmálar fyrir hönnun og framkvæmdir á svæðinu.

Í kaflanum um **Samráð** er skýrt frá samráði við gerð og þróun deiliskipulagsins.



GÖGN DEILISKIPULAGSINS

Deiliskipulag þetta er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- Þessi greinargerð með skilmálum.
- 4x skipulagsuppdætti í mælikvarða 1:1000 (A1) ásamt sneiðingum í mælikvarða 1:200.
- Skýringaruppdráttur sem sýnir samhengi deiliskipulagsins við aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir í mælikvarða 1:3000 (A1).

Auk þess ber að taka tillit til eftirfarandi stefna og leiðbeininga sem Reykjavíkurborg hefur gefið út og eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar:

- [Borgarhönnunarstefna Reykjavíkur](#)
- [Gróðurinn í borgarlandinu](#)
- [Græna planið](#)
- [Hjóla- og bílastæðastefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur](#)
- [Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Samþykkt um skilti í Reykjavík](#)

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGS

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ____20__.



EFNISYFIRLIT

YFIRLIT	2
UPPBYGGING GREINARGERÐAR	2
GÖGN DEILISKIPULAGSINS.....	3
SAMÞYKKT DEILISKIPULAGS.....	3
EFNISYFIRLIT.....	4
1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG FORSENDUR	6
1.1. Hvað er Borgarlína?.....	6
1.2. Deiliskipulag og hlutverk þess	6
1.3. Tengsl við aðalskipulag.....	6
1.4. Tengsl við svæðisskipulag.....	6
1.5. Umhverfismat Borgarlínu	6
1.6. Leyfisveitingar	6
1.7. Skipulags- og hönnunarferli.....	6
1.8. Hönnunarviðmið Borgarlínu.....	6
2. DEILISKIPULAG BORGARLÍNU Í REYKJAVÍK – ALMENNT	7
2.1. Skipting deiliskipulags Borgarlínu	7
2.2. Skipulagsmörk Borgarlínu	7
2.3. Tilgangur og markmið.....	7
2.4. Almennar forsendur Borgarlínu	7
3. DEILISKIPULAG BORGARLÍNU UM SUÐURLANDSBRAUT	8
3.1. Afmörkun	8
3.1.1. Breytt lóðamörk.....	9
3.2. Staðan í dag og helstu breytingar frá núverandi ástandi	11
3.2.1. Landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040	11
3.2.2. Núgildandi deiliskipulagsáætlanir fyrir svæðið	12
3.2.3. Menningarminjar	13
3.2.4. Mengaður jarðvegur	15
3.3. Sérskilmálar Borgarlínu um Suðurlandsbraut frá Skeiðarvogi að Lágmúla	16
3.3.1. Stöðvar	16
3.3.2. Borgarlínubrautir	18
3.3.3. Hjólastígar.....	18
3.3.4. Göngustígar	19
3.3.5. Kvöð um göngutengingu.....	19
3.3.6. Göngu- og hjólapveranir	19
3.3.7. Gatnamót.....	19



3.3.8.	Akbrautir.....	20
3.3.9.	Innkeyrslur	20
3.3.10.	Bílastæði.....	21
3.3.11.	Hjólástæði.....	21
3.3.12.	Svigrúm	21
3.3.13.	Opin svæði.....	21
3.3.14.	Gróður	21
4.	SAMRÁÐ	22
4.1.1.	Kynning lýsingar	22
4.1.2.	Kynning og samráð við íbúa og lóðarhafa	22
4.1.3.	Umsagnaraðilar.....	22

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG FORSENDUR

1.1. HVAÐ ER BORGARLÍNA?

Borgarlínan er nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi (BRT – Bus Rapid Transit) sem verður hryggjarstykki almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Kerfið byggir á akstri vagna í sérrými og forgangi á gatnamótum. Þannig styttest ferðatími og tíðni ferða eykst. Verkefnið er samvinnuverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar.

1.2. DEILISKIPULAG OG HLUTVERK ÞESS

Deiliskipulag setur fram bindandi skilmála um landnotkun, byggðamynstur, rými undir samgöngur, stöðvar, stíga, gróður og tengda innviði. Deiliskipulag Borgarlínu útfærir sérrými, stöðvar og nærliggjandi svæði innan þess hluta leiðarinnar sem skipulagið nær yfir.

Deiliskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og birt í Stjórnartíðindum.

1.3. TENGLI VIÐ AÐALSKIPULAG

Deiliskipulag þarf ávallt að vera í samræmi við aðalskipulag. Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Stefna í aðalskipulagi er útfærð nánar í deiliskipulagi fyrir einstök hverfi eða reiti.

Frekari upplýsingar um stefnu og hönnunarviðmið fyrstu lotu Borgarlínu er að finna í *Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 – Borgarlínan í Reykjavík*.

[>> Sjá Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040: Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún – Fossvogsbrú](#)

1.4. TENGLI VIÐ SVÆÐISSKIPULAG

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 setur fram stefnu um þéttingu og samgöngumiðaða þróun í grennd við hágæða almenningssamgöngur. Greinargerðin endurtekur ekki forsendur svæðisskipulags en tekur mið af því þar sem við á.

1.5. UMHVERFISMAT BORGARLÍNU

Heildstætt umhverfismat 1. lotu Borgarlínu (Ártúnshöfði–Hamraborg) liggur fyrir og fjallar um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi, samfélag og landnotkun. Deiliskipulagið tekur mið af niðurstöðum umhverfismatsskýrslu og álitum Skipulagsstofnunar.

[>> Sjá nánar í umhverfismatsskýrslu Borgarlínu-Lotu 1: Ártúnshöfði–Hamraborg](#)

1.6. LEYFISVEITINGAR

Framkvæmdir og mannvirki sem tengjast Borgarlínu eru háð samþykktu deiliskipulagi og aðalskipulagi ásamt ákvæðum skipulagslaga varðandi leyfisveitingar.

1.7. SKIPULAGS- OG HÖNNUNARFERLI

Ferli skipulags-, hönnunar- og umhverfismats Borgarlínu eru samþætt. Rammahlutinn skýrir þetta samhengi og setur fram leiðbeinandi viðmið. Deiliskipulag byggir á forhönnun Borgarlínu á hverjum stað.

1.8. HÖNNUNARVIÐMIÐ BORGARLÍNU

Við hönnun er fylgt leiðbeiningum og hönnunarviðmiðum sem birt eru í rammahluta aðalskipulags, m.a. hvað varðar mannlegan skala, gróður, ofanvatnslausnir, lýsingu, hönnun stöðva og tengingar við nærumhverfið.

Deiliskipulagið fjallar um staðbundna útfærslu þessara viðmiða á skipulagssvæðinu í samræmi við markmið um gæði, endingu, öryggi og gott aðgengi.

2. DEILISKIPULAG BORGARLÍNU Í REYKJAVÍK – ALMENNT

Deiliskipulag Borgarlínu er útfært á grundvelli þeirrar stefnu sem sett er fram í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins, Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 - Borgarlínan í Reykjavík: 1.lota Borgarlínunnar. Deiliskipulagið byggir á gögnum úr forhönnun Borgarlínu frá hönnunarteymi.

Í deiliskipulaginu er kveðið meðal annars á um staðsetningu og umfang sérrýmis Borgarlínu, stöðva, göngu- og hjólastíga, almennra akbrauta, gróðurs o.fl.

2.1. SKIPTING DEILISKIPULAGS BORGARLÍNU

Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík er skipt niður í nokkra hluta þar sem leiðin liggur um mörg ólík svæði, hverfi og ólíkar deiliskipulagsáætlanir. Því verður deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík sett fram í nokkrum deiliskipulagsáætlunum auk þess að gera þarf breytingar á aðliggjandi skipulagsáætlunum til að gæta samræmis og koma í veg fyrir skörun skipulagssvæða.

2.2. SKIPULAGSMÖRK BORGARLÍNU

Skipulagsmörk deiliskipulags Borgarlínu liggja jafnan meðfram göturými og almannarými sem framkvæmdin tekur til.

Markmiðið er að deiliskipulagið nái yfir heildstætt rými fyrir:

- sérrými Borgarlínu,
- stöðvar og aðkomusvæði,
- göngu- og hjólastíga,
- brýr, undirgöng og aðra samgöngu tengda innviði.

Afmörkun fyrir viðkomandi svæði er sýnd sérstaklega í [kafla 3.1](#).

2.3. TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur deiliskipulags Borgarlínu er að innleiða Borgarlínu á viðkomandi svæði í samræmi við forhönnun, rammahluta aðalskipulags og umhverfismat.

Það er gert með því að:

- skilgreina sérrými og stöðvar Borgarlínu,
- tryggja aðkomu og tengingar fyrir gangandi og hjólandi,
- ákvarða rými fyrir gróður, regnvatnslausnir og götugögn,
- samræma útfærslur við aðliggjandi götur og almannarými,
- setja fram meginhönnunarreglur sem tengjast ásýnd og skipulagsröð.

Markmiðið er að Borgarlínan falli sem best að nærumhverfi og styrki tengingar innan svæðisins.

2.4. ALMENNAR FORSENDUR BORGARLÍNU

Stefnumótandi forsendur Borgarlínu byggja á samgöngusáttmála, svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, samgönguáætlun og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Greinargerðin endurtekur ekki þessar forsendur, þar sem þær eru útfærðar ítarlega í rammahluta aðalskipulags og umhverfismati Borgarlínu.

[>> Sjá Rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040: Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún – Fossvogsbrú](#)

[>> Sjá nánar í umhverfismatsskýrslu Borgarlínu-Lotu 1: Ártúnshöfði-Hamraborg](#)



3. DEILISKIPULAG BORGARLÍNU UM SUÐURLANDSBRAUT

Hér er sett fram deiliskipulagstillaga fyrir 1. lotu Borgarlínu um Suðurlandsbraut frá gatnamótum við Skeiðarvog og að Lágmúla. Skipulagssvæðið er í eigu Reykjavíkurborgar.

Samhliða þessu deiliskipulagi eru gerðar breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum; *Deiliskipulag Heimahverfis, skipulag í Langholti, Álfheimar, Goðheimar; Deiliskipulag Álfheima 74, Glæsibær; Dsk stgr. 1.46, Skeifan – Fenin; Deiliskipulag Laugardals; Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 30, 32 og 34 og Ármúla 29 og 31; Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 18-28 og Ármúla 15-27; Deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla, og Vegmúla; Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 2; Deiliskipulag stgr. 1.366, Sigtúnsreitir.* Sjá kafla 3.2.2 hér aftar.

Heiti deiliskipulags	Lengd (m)	Stöðvar	Afmörkun
Deiliskipulag Borgarlínu: Suðurlandsbraut frá Skeiðarvogi að Vegmúla	1.818	Glæsibær, Laugardalshöll og Lágmúli	Frá gatnamótum Skeiðarvogs að Lágmúla

3.1. AFMÖRKUN

Skipulagssvæði deiliskipulags afmarkast í austri við lóðarmörk Suðurlandsbrautar 56 (Metroreitir) skammt frá gatnamótum Skeiðarvogs.

Norðan megin liggja mörkin eftir lóðamörkum í Skeiðarvogi og Álfheimum, þar til komið er að skipulagsmörkum Laugardals. Þar liggja mörkin við trjáröð meðfram Suðurlandsbraut að Reykjavegi. Frá gatnamótum við Reykjaveg liggja mörkin um 3,5 metrum í norður frá göngustíg. Vesturendi skipulagssvæðisins ræðst að stígatengingu við Lágmúla.

Syðri skipulagsmörk deiliskipulagsins liggja eftir lóðamörkum Suðurlandsbrautar 2 milli Lágmúla og Hallarmúla. Skipulagsmörkin ráðast svo af aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum sunnan megin við Suðurlandsbraut.

Samhliða þessari tillögu er lögð fram breyting á mörkum þeirra tíu aðliggjandi deiliskipulaga sem hafa áhrif á tillöguna, til að samræma skipulagsmörk.



Mynd 3-1 Mörk deiliskipulagssvæðis séð ofan á loftmynd ásamt aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum.

3.1.1. Breytt lóðamörk

Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsuppdraetti, bæði núverandi og breytt lóðamörk. Breyta þarf lóðamörkum Álfheimna 49 og Engjavegi 10A vegna breytinga á göturýminu, til að tryggja rými fyrir göngu- og hjólastíga.

Núverandi lóðamörk ná inn á skipulagssvæðið en með breyttum lóðamörkum verða þau utan skipulagsmarka.

Lóð	Starfsemi	Stærð lóðar FYRIR	Stærð lóðar EFTIR
Álfheimar 49	Bensínstöð Olís	5.540 m ²	5.296 m ²
Engjavegur 10A	Borholuhús	340,2 m ²	279,8 m ²



Mynd 3-2 Brottfeld lóðamörk við Álfheima 49.



Mynd 3-3 Brottfeld lóðamörk við Engjateig 10A.

3.2. STAÐAN Í DAG OG HELSTU BREYTINGAR FRÁ NÚVERANDI ÁSTANDI

Frá Vogatorgi við Sæbrautarstokk fer Borgarlínan um Suðurlandsbraut. Suðurlandsbraut er umferðarþung gata við blandaða byggð íbúðar-, verslunar-, þjónustu-, útivistar-, fræðslu- og íþróttasvæða. Rótgróin byggð Laugardalsins á móti fjölbreyttri starfsemi sunnan Suðurlandsbrautarinnar þar sem að uppbyggingarmöguleikarnir eru miklir. Andstæður sitt hvoru megin götunnar þar sem almennt eru lélegar teningar á milli.

Vestan Skeiðarvogs, norðan Suðurlandsbrautar er Heimahverfið og Laugardalurinn ásamt Sigtúnsreits nyrst. Sunnan Suðurlandsbrautar er Skeifan og Múlahverfið, sem liggur alla leið að Lágmúla. Meðfram norðurhluta Suðurlandsbrautar liggur grænn ás með góðu neti göngu- og hjólastíga úr Elliðaárdalnum.

Í Heimahverfinu rótgróin íbúðarbyggð er bensínstöð við Suðurlandsbraut þar sem að hugmyndir eru um blandaða byggð íbúða og þjónustu. Við hlið bensínstöðvarinnar er Glæsibær, þjónustu- og verslunarkjarni.

Sunnan Heimahverfisins liggur Skeifan, stórt þjónustu- og verslunarsvæði sem lengi hefur verið til vandræða vegna lélegs skipulags. Í gildi er Rammaskipulag fyrir Skeifuna frá árinu 2017 þar sem gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu. Tillagan mun hafa áhrif á rammaskipulagið og þarf því að breyta rammaskipulaginu samhliða.

Múlahverfið er verslunar-, þjónustu- og atvinnubyggð. Samsíða Suðurlandsbraut liggja hliðargötur með bílastæðum við hvert hús. Svæði þar sem að bíllinn er í forgangi og göngustígar eru afar slitróttir. Svæðið er skilgreint sem þróunarsvæði og er uppbygging nú þegar hafin við Orkureitinn þar sem byggja á fjölda íbúða.

Nyrst við Suðurlandsbraut er Sigtúnsreiturinn en þar er lágreist þjónustubyggð. Miklir möguleikar eru á reitnum um uppbyggingu í framtíðinni, en uppbygging er hafin á Blómavalsreitnum þar sem byggja á íbúðir.

Með tilkomu Borgarlínunnar og uppbyggingu borgarumhverfisins myndi göturými Suðurlandsbrautar bættast til muna. Með virkum götuhliðum húsa, bættum tengingum milli svæða og auknum gróðri yrði Suðurlandsbraut aðlaðandi almenningsrými með yfirbragð borgargötu.

Helstu breytingar á vestari hluta Suðurlandsbrautar samkvæmt tillögunni verða:

- Bætt við Borgarlínubraumum frá Skeiðarvogi að Lágmúla ásamt þremur stöðvum, Glæsibæ, Laugardalshöll og Lágmúli.
- Hjóla- og göngustígum er bætt við sunnan Borgarlínubrauta og núverandi stígum norðan megin (í Laugardal) er haldið óbreytt. Þannig er aðgengi virkra ferðamáta við götuna verulega bætt.
- Akreinar fyrir almenna bílaumferð verða að mestu leyti einbreiðar, nema við stærri gatnamót.
- Græn ásynd gatna er augin með skilgreindum svæðum fyrir gróður og regnvatnslausnir ofanjarðar.
- Aðkomu bíla og bílastæða við Suðurlandsbraut 4-32 er breytt.

3.2.1. Landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 liggur Suðurlandsbraut við íbúðarsvæði ÍB26 og um miðsvæði M2, M2b, M2c, M2d, M2f, M3 og M15. Laugardalurinn er skilgreindur sem opið svæði, OP30 og Laugardalshöllin fellur undir samfélagsþjónustu, S12. Bensínstöðin í Álfheimum fellur síðan undir VP32 en þar stendur til að bæta við íbúðum og breyta landnotkun. Á þéttbýlisupprætti er búið að merkja inn legu Borgarlínu gegnum svæðið.


Sex þróunarsvæði liggja við Suðurlandsbraut, þar á meðal Múlahverfi og Skeifan. Uppbygging er þegar hafin á Orkureitnum og við Grensásveg 1. Syðsti hluti Laugardalsins, á horni Suðurlandsbrautar og Grensásvegjar, er skilgreindur sem þróunarreitur.

Þróunarsvæði eru svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu 50 íbúða eða fleiri. Landfræðileg afmörkun á þemakorti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 er bindandi og ákvarðar stærð svæðisins.

Þróunarsvæði við Suðurlandsbraut			
Nr.	Heiti	Stærð, ha	Staðan
ÞS-45	Skeifan	22,2	Uppbygging langt komin við Grensásveg 1.
ÞS-43	Suðurlandsbraut-Laugardalur	2,1	Uppbygging ekki hafin.
ÞS-63	Orkureitur	3,4	Uppbygging langt komin.
ÞS-61	Ármúli-Suðurlandsbraut	19,5	Uppbygging ekki hafin.
ÞS-44	Álfheimar 49	0,9	Uppbygging ekki hafin.
ÞS-42	Suðurlandsbraut-Glæsibær	1,5	Uppbygging ekki hafin.

Samkvæmt aðalskipulagi mun 1. lota Borgarlínu liggja um helstu útivistarsvæði Reykjavíkur og tengja þau saman. Áhersla er lögð á að draga úr raski eins mikið og mögulegt er og tryggja gott aðgengi að þessum svæðum. Suðurlandsbraut liggur meðfram Laugardal og þaðan verður bein tenging um grænan ás með göngu- og hjólastígum inn í Elliðaárdal.

Deiliskipulagið er í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins.



Mynd 3-4 Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Afmörkun deiliskipulags sýnd með hvítri brotalínu.

3.2.2. Núgildandi deiliskipulagsáætlanir fyrir svæðið

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Suðurlandsbraut, en allar deiliskipulagsáætlanir meðfram götunni hafa skipulagsmörk sem ná út í götuna. Deiliskipulagsmörkum þeirra áætlana verður breytt

samhliða þessari deiliskipulagstillögu, til að gæta samræmis. Tafla 3-1 sýnir yfirlit yfir þær deiliskipulagsáætlanir sem tillagan hefur áhrif á og þarf að breyta samhliða.

Tafla 3-1 Þær deiliskipulagsáætlanir sem þessi tillaga hefur áhrif á.

Núgildandi deiliskipulagsáætlun		Breyting vegna þessarar tillögu
Deiliskipulag Heimahverfis, skipulag í Langholti, Álfheimar, Goðheimar	Samþykkt 03.02.1956	Afmörkun deiliskipulags breytt, legu hjóla- og göngustíga breytt. Breyting á lóðamörkum Álfheima 49.
Deiliskipulag Álfheima 74, Glæsibær	Samþykkt 27.03.2001	Afmörkun deiliskipulags breytt. Breyting á lóðamörkum.
Dsk stgr. 1.46, Skeifan – Fenin	Samþykkt 06.11.2001	Afmörkun deiliskipulags breytt. Breyting á lóðamörkum Suðurlandsbrautar 56 og 46-54.
Deiliskipulag Laugardals	Samþykkt 30.01.1987	Afmörkun deiliskipulags breytt. Aðkomu að Álfabrekku 27 um Suðurlandsbraut lokað.
Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 30, 32 og 34 og Ármúla 29 og 31 (Orkureitur)	Samþykkt 25.07.2000	Afmörkun deiliskipulags breytt.
Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 18-28 og Ármúla 15-27	Samþykkt 21.08.2001	Afmörkun deiliskipulags breytt. Breytt aðkoma bíla og bílastæði meðfram Suðurlandsbraut.
Deiliskipulag Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla, og Vegmúla	Samþykkt 30.04.2002	Afmörkun deiliskipulags breytt. Breytt aðkoma bíla og bílastæði meðfram Suðurlandsbraut.
Deiliskipulag Suðurlandsbrautar 2	Samþykkt 26.09.2000	Afmörkun deiliskipulags breytt.
Deiliskipulag stgr. 1.366, Sigtúnsreitur	Samþykkt 14.05.1985	Afmörkun deiliskipulags breytt. Aðkoma að Engjateig um Suðurlandsbraut lokað.

3.2.3. Menningarminjar

Minjar sem náð hafa 100 ára aldri teljast til fornminja, sbr. 3. gr. laga nr. 80/2012. Fornleifar sem njóta friðunar vegna aldurs, má enginn, spilla, hylja, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laganna.

Húsakannanir og skráningar fornleifa sem fram hafa farið fyrir svæðið er hægt að nálgast í eftirfarandi skýrslum:

Anna María Bogadóttir og Anna Lía Guðmundsdóttir. (2017). *Húsakönnun. Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 185.

https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_72.pdf

Anna María Bogadóttir. (2019). *Húsakönnun Ármúli 31/Suðurlandsbraut 34*. Reykjavík: Úrbanistan. https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_229.pdf

Helga Maureen Gylfadóttir; Anna Lís Guðmundsdóttir; Gunnþóra Guðmundsdóttir; María Gísladóttir; Sigurlaugur Ingólfsson; Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2013). *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 162. https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_57.pdf

Drífa Kristín Þrastardóttir; Anna Lís Guðmundsdóttir; Gunnþóra Guðmundsdóttir; María Gísladóttir; Helga Maureen Gylfadóttir; Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2014). *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 164. https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_59.pdf


Anna Lís Guðmundsdóttir. 2024. *Þjóðarhöll fornleifaskrá*. Reykjavík. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 231. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3182.pdf

Deiliskipulagið nær yfir þegar raskað svæði og því ólíklegt að það hafi áhrif á menningarminjar. Við framkvæmdir skal þó hafa í huga að horfnar minjar gætu leynst undir eldri mannvirkjum og í jörðu. Fara skal með gát við allar framkvæmdir. Þá skal minna á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir að ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands.


Eftirfarandi skráðar fornleifar liggja við skipulagssvæðið eða friðhelgi þeirra nær inn á svæðið.

Fornleifa nr.	Heiti fornleifa	Lýsing
230-195	Múli, Þvottalaugablettur 3	Erfðafestubýlið Múli stóð á horni Suðurlandsbrautar og Múlavegar, byggt 1919, var áður Þvottalaugablettur 3 við Suðurlandsveg. Húsið var rífið 1977. Árið 1929 var byggt 10 bása fjós og hlöður norðan við íbúðarhúsið og tengibygging þar á milli. Horfið, en minjar eru í jörðu.
230-196	Laugabrekka, Þvottalaugablettur 2	Laugabrekka var austan við Reykjaveg norðan við Suðurlandsbraut, áður erfðafestuland á Þvottalaugabletti 2 við Suðurlandsveg. Húsið var reist árið 1916 af Grímúlfi H. Ólafssyni. Húsið var kjallari, hæð og ris en árið 1929 var byggt anddyri sunnan við húsið. Búskapur var þar til ársins 1965 en húsið var rífið 1975. Horfið, en minjar eru í jörðu.
230-206	Suðurlandsvegur/ Suðurlandsbraut	Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut var gerður í framhaldi af Þvottalaugavegi að brúnum yfir Elliðaár. Er merktur inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1909. Vegurinn er horfinn undir núverandi Suðurlandsbraut.

Ekki er hægt að útiloka að fornleifar finnist á friðhelgu svæði skráðra fornleifa. Sjá 15 metra friðhelgi á mynd 3-5 og mynd 3-6. Ef komið er niður á minjar skal stöðva framkvæmdir og hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



Mynd 3-5 Friðhelgi fornleifa um Múla, Þvottalaugarblett 3 (nr. 230-195), sjá nánar í skýrslu Önnu Lísu Guðmundsdóttur fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur: https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3182.pdf



Mynd 3-6 Friðhelgi fornleifa um Laugarbrekku, Þvottalaugarblett 2 (nr. 230-196), sjá nánar í skýrslu Önnu Lísu Guðmundsdóttur fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur: https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3182.pdf

3.2.4. Mengaður jarðvegur

Taka skal mið af skrá Umhverfisstofnunar yfir megnaðan jarðveg eða grun um slíkan. Ekki er vitað um mengaða jarðveg á skipulagssvæðinu. Við framkvæmdir skal þó hafa í huga að eldri mengaður jarðvegur gæti leynst undir mannvirkjum og í jörðu. Ef áður óþekktur mengaður jarðvegur finnst við framkvæmd verks skal samkvæmt reglugerð nr. 1400/2020 hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Umhverfisstofnun.

3.3. SÉRSKILMÁLAR BORGARLÍNU UM SUÐURLANDSBRAUT FRÁ SKEIÐARVOGI AÐ LÁGMÚLA

Breiddir gatna á uppdrætti eru leiðbeinandi en gefa til kynna mögulegt umfang gatna að tilteknu tilliti til allra samgöngumáta. Endanlegar breiddir gatna ráðast við verkhönnun.

Borgarlínan fer um Suðurlandsbraut á tveimur miðjusetnum sérakreinum. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastigum beggja vegna og einbreiðum akbrautum í sitthvora átt. Einnig er gert ráð fyrir gróðri á svæðum inn á milli.

3.3.1. Stöðvar

Hver stöð Borgarlínu samanstendur af brautarpalli og skábrautum. Brautarpallurinn er upphækkaður sem tryggir þreplaust aðgengi inn í vagna. Vegna þessa þarf að gera ráð fyrir skábrautum við hvorn enda brautarpalls, þar sem að aðstæður leyfa, svo allir eigi greiða leið upp að pallinum.

Stöðvar Borgarlínunnar eru flokkaðar í annars vegar almennar stöðvar og hins vegar tengistöðvar, þar sem tvær eða fleiri leiðir mætast. Að auki eru fjórar kjarnastöðvar í Reykjavík, en það eru stærri tengistöðvar og stöðvar þar sem eru tengingar við vagna sem ganga út fyrir höfuðborgarsvæðið. Kjarnastöðvarnar eru Vogabyggð, Hlemmur, Lækjargata og BSÍ.

Þrjár stöðvar eru innan skipulagssvæðisins, Glæsibær, Laugardalshöll/Þjóðarhöll og Lágmúli.

3.3.1.1. Glæsibær

Stöð staðsett við Glæsibæ, austan gatnamóta Grensásvegar og Suðurlandsbrautar. Hægt er að sækja fjölbreytta verslun og þjónustu víða við stöðina, í Glæsibæ, Skeifunni og Múlunum. Stöðin mun þjóna íbúum í Heimahverfinu og hefur tengingu við Laugardalinn.

Miklir möguleikar felast í staðsetningunni og eru uppbyggingarreitir allt um kring. Uppbygging er hafin á Orkureitnum og við Grensásveg 1. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu seinna meir í Skeifunni, á bensistöðvarlóð við Álfheima og í Múlunum.

Með uppbyggingarreitum allt í kring, felast mikil tækifæri í því að gera götuhliðar húsanna virkari og styrkja enn frekar tengingar við Borgarlínuna.

Helstu áskoranir við stöðina eru að ná góðum tengingum við hverfin í kring, bæði íbúða og þjónustu.

Stöðvar Borgarlínu – Suðurlandsbraut: Glæsibær

- Tengistöð – möguleiki á tengingum við leiðir sem aka Grensásveg
- Mótsettir brautarpallar
- Gert er ráð fyrir skábrautum við austurenda stöðvarinnar (við Álfheima)
- Tryggja skal þreplaust og gott aðgengi inn í vagnana, m.a. fyrir barnavagna, reiðhjól og hjólastóla

Stærðir:

- Lengd stöðvarpalla, um 20 m utan skábrauta
- Breidd stöðvarpalla er 4 m, að meðtöldum handriðum, afrennslis- og öryggissvæðum
- Leiðbeinandi lengd skábrauta um 6 m, ræðst af aðstæðum
- Halli skábrauta fari ekki undir 1:25 enda nægt landrými

3.3.1.2. Laugardalshöll/Þjóðarhöll

Stöð staðsett vestan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Vegmúla. Laugardalshöll og óbyggð Þjóðarhöll er norðan við stöðina, ásamt göngutengingum inn í Laugardal. Þar eru fjölsótt íþróttamannvirki og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. Sunnan stöðvarinnar er verslunar- og

þjónustusvæði við Suðurlandsbraut og þar fyrir ofan, í Múlunum, er þróunarsvæði með miklum tækifærum til framtíðar.

Upp Vegmúla er bein tenging í Fjölbrautaskólann við Ármúla sem og grænt svæði sem liggur bak við Síðumúlann að Fellsmúla. Þar fyrir ofan er íbúðarhverfi við Háaleiti. Huga þarf að gönguskilyrðum við Vegmúla vegna mikils bratta.

Helstu áskoranir í kringum stöðina er landhali svæðisins, niður í Laugardal og upp Vegmúla. Huga þarf að tengingum og bættu aðgengi svo svæðið verði aðlaðandi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Miðað við úttekt á svæðinu munu brautarpallar og aðkoma að stöð standast aðgengiskröfur.

Stöðvar Borgarlínu – Suðurlandsbraut: Laugardalshöll/Þjóðarhöll

- Almenn stöð
- Mótsettir brautarpallar
- Gert er ráð fyrir skábrautum við austurenda stöðvarinnar (við Vegmúla)
- Tryggja skal þreplaust og gott aðgengi inn í vagnana, m.a. fyrir barnavagna, reiðhjól og hjólastóla

Stærðir:

- Lengd stöðvarpalla, um 40 m utan skábrauta
- Breidd stöðvarpalla er 4 m, að meðtöldum handriðum, afrennslis- og öryggissvæðum
- Leiðbeinandi lengd skábrauta um 6 m, ræðst af aðstæðum
- Halli skábrauta fari ekki undir 1:25 enda nægt landrými

3.3.1.3. Lágmúli

Stöð staðsett milli Lágmúla og Hallarmúla, fyrir framan Hótel Nordica, með tengingum í þjónustu, verslun og íbúðarhverfi.

Staðsetningin býður upp á tengingu við tvö stór hótel ásamt verslun og þjónustu í Múlunum og á Engjateig. Tengingar leiða að íbúðahverfum beggja vegna stöðvarinnar, íbúðahverfi í Safamýri um Lágmúla og Teigahverfi í norðri.

Tækifæri í uppbyggingu á svæðinu eru mikil, hafin er uppbygging á Blómavalsreitnum. Möguleiki er á uppbyggingu á Sigtúnsreitnum sem og Múlahverfinu.

Helstu áskoranir í kringum stöðina er takmarkað pláss utan einkalóða, sunnan megin við götuna.

Stöðvar Borgarlínu – Suðurlandsbraut: Lágmúli

- Almenn stöð
- Mótsettir brautarpallar
- Gert er ráð fyrir tveimur skábrautum beggja vegna brautarpallsins
- Tryggja skal þreplaust og gott aðgengi inn í vagnana, m.a. fyrir barnavagna, reiðhjól og hjólastóla

Stærðir:

- Lengd stöðvarpalla, um 20 m utan skábrauta
- Breidd stöðvarpalla er 4 m, að meðtöldum handriðum, afrennslis- og öryggissvæðum
- Leiðbeinandi lengd skábrauta um 6 m, ræðst af aðstæðum
- Halli skábrauta fari ekki undir 1:25 enda nægt landrými

3.3.1.4. Aðkomusvæði stöðva

Við hverja stöð er svokallað aðkomusvæði. Innan aðkomusvæðis er gert ráð fyrir þverunum meðfram öllum stöðvum fyrir gangandi og hjólandi, sem tengja stöðvarnar við aðliggjandi göngu- og hjólastíga.

Stærðir aðkomusvæða eru mismunandi. Miðað er við að þau nái yfir göngustíga á breiddina og göngupveranir meðfram stöðvum á lengdina, í það minnsta. Þar sem aðliggjandi almenningsrými liggja við aðkomusvæði eru þau gerð hluti af þeim.

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðva eins og rými leyfir, sjá sérskilmála hjólastæða hér aftar.

Gert er ráð fyrir götugögnum á borð við skilti, bekki og ruslatunnur á aðkomusvæðunum. Einnig er gert ráð fyrir auknum gróðri og jafnvel listaverkum eftir því sem við á. Horft verður til þess að aðlaga nánasta umhverfi stöðva að einkennum hvernar staðsetningar.

Leyfilegt er að setja upp merkingar/skilti upp að vissu marki, sem tengjast rekstri Borgarlínunnar ásamt hefðbundnum veg- og öryggisskiltum. Auk þess má setja upp auglýsingaskilti ef það er gert í samræmi við hönnun stöðvarinnar.

3.3.2. Borgarlínubrautir

Á deiliskipulagsupprætti eru merktar Borgarlínubrautir, sér akreinar fyrir almenningssamgöngur. Í sérými almenningssamgangna er aðeins heimilaður akstur tengdur almenningssamgöngum eða neyðarbilum í neyðarakstri.

Borgarlínubrautir/sérými almenningssamgangna – Suðurlandsbraut

- Tvær sérakreinar saman, miðjusettar alla leið í gegnum skipulagsvæðið frá gatnamótum Skeiðarvogs að Lágmúla
- Breidd sérýmis, tvær sérakreinar, með kanti: 7 m

3.3.3. Hjólastígar

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir hjólastígum meðfram Borgarlínunni til þess að tryggja gott aðgengi til og frá stöðvum ásamt því að auka umferðaröryggi.

Sunnan megin meðfram Suðurlandsbraut verða hjólastígar næst umferðarakreinum eins og sýnt er á skipulagsupprætti. Núverandi hjólastígur í Laugardal, norðan göturýmisins, er haldið óbreytt.

Hjólastígar eru tvöfaldir norðan Suðurlandsbrautar og vegna mikilla fjarlægðar hjólastíga í Laugardal frá Borgarlínubrautum er gert ráð fyrir tvöföldum stígum sunnan við brautirnar.

Þar sem pláss leyfir, eru hjólastígar aðskildir akbrautum. Tvöfaldir hjólastígar eru um 3 m breiðir en einfaldir verða minnst 2 m breiðir.

Á sérmerktum hjólastígum er gert ráð fyrir forgangi hjólaumferðar. Gæta skal að yfirborð hjólastíga sé aðskilið göngustígum annað hvort með aðgreiningu og/eða ólíku yfirborðsefni.

Hjólastígar – Suðurlandsbraut

Lágmarksbreiddir:

- Tvístefnu hjólastígar 3 m samsíða göngustígum
- Einstefnustígar 2 m samsíða göngustígum
- Yfirborð slétt

Þar sem hjólastígur liggur meðfram eða þverar svæði við stöð eða göngusvæði þarf að tryggja gott aðgengi hjólandi og gangandi vegfaranda með eftirfarandi hætti:

- Tryggja gott öryggissvæði bakvið stöðvar

- Stígar að stöðvum séu vel tengdir, skilvirkir, öruggir, með lýsingu og af miklum gæðum
- Huga skal að staðsetningu, þverunarlengd, lýsingu og sjónlengdum þverana

3.3.4. Göngustígar

Mikilvægt er að gangstéttar meðfram Borgarlínu séu rúmgóðar og greiðfærar fyrir alla.

Götugögn, ljósastaurar og skilti skulu vera staðsett þannig að hjólastólar og barnavagnar komist óhindrað fram hjá.

Meðfram Suðurlandsbraut verða göngustígar eða stéttir beggja vegna, yst í göturýminu. Nýir stígar verða lagðir sunnan göturýmisins en norðan þess verða núverandi stígar notaðir eins og hægt er, mögulega þarf að breyta þeim við gatnamót. Göngustígar eru á flestum stöðum jafn breiðir eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Stundum eru göngustígar hafðir breiðari ef pláss leyfir, eins og við gatnamót.

Kvaðir um gönguleiðir eru við Suðurlandsbraut 28 og 30, niður í Laugardal; við Suðurlandsbraut 6 að Engjateig, auk tenginga við núverandi stíga í Laugardal.

Göngustígar – Suðurlandsbraut

- Almenn breidd göngustíga við Suðurlandsbraut er að lágmarki 2,5 m
- Núverandi göngustígar norðan Suðurlandsbrautar eru notaðir eins og hægt er
- Yfirborð skal vera slétt, annaðhvort hellulagt eða steyp

3.3.5. Kvöð um göngutengingu

Á deiliskipulagsupprætti eru merktar inn kvaðir um göngutengingu á skipulagsmörkum en þar er gert ráð fyrir tengingum við aðliggjandi göngustíga eða kvaðir um stíga sem liggja við skipulagsmörk.

3.3.6. Göngu- og hjólaþveranir

Á deiliskipulagsupprætti eru göngu- og hjólaþveranir merktar sérstaklega. Um er að ræða tvær útfærslur þverana:

3.3.6.1. Þveranir yfir Borgarlínubrautir

Gert er ráð fyrir að þveranir yfir Borgarlínubrautir séu ekki upphækkaðar, heldur eru þær hafðar í plani við akbrautir til þess að koma í veg fyrir hindranir í akstri Borgarlínunnar.

3.3.6.2. Upphækkaðar þveranir

Þveranir yfir akreinar sem eru ekki samsíða Borgarlínubraut, eða þvert á Borgarlínugötu, skulu vera upphækkaðar yfir götu í stað malbiks í götuplani. Gert er ráð fyrir þverunum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum á þessum svæðum og er gerð krafa um breytt yfirborðsefni. Markmiðið með uppbroti í yfirborði er að gera þveranir sýnilegri og auka þannig öryggi allra vegfarenda.

3.3.7. Gatnamót

Á skipulagsupprætti eru gatnamót sýnd samkvæmt forhönnun, en útfærsla þeirra getur breyst við verkhönnun. Heildarstærð eða rými sem ætlað er undir gatnamót má þó ekki fara út fyrir þau skipulagsmörk sem uppdrátturinn sýnir. Fjöldi beygjuakreina við gatnamót er leiðbeinandi og getur tekið breytingum.

3.3.7.1. Ljósastýrð gatnamót

Gatnamót þar sem leyfðar eru vinstri beygjur á Suðurlandsbraut verða ljósastýrð til að tryggja greiðfærni Borgarlínunnar og auka umferðaröryggi.

Eftirfarandi gatnamót eru innan deiliskipulagsins og verður breytt frá núverandi ástandi:

Suðurlandsbraut-Álfheimar

Borgarlínubrautum sem þvera Álfheima er bætt við ásamt hjólastígum sunnan megin. Beygjuvösum er lokað.

Ekki er hægt að taka vinstri beygju frá Suðurlandsbraut að Álfheimum, s.s. ekki hægt að koma úr norðri og beygja frá Suðurlandsbraut inn Álfheima.

Suðurlandsbraut-Grensásvegur

Borgarlínubrautum sem þvera Grensásveg er bætt við ásamt hjólastígum sunnan megin. Beygjuvösum er lokað.

Suðurlandsbraut-Vegmúli

Borgarlínubrautum sem þvera Vegmúla er bætt við ásamt hjólastígum sunnan megin.

Suðurlandsbraut-Reykjavegur

Borgarlínubrautum sem þvera Reykjaveg er bætt við ásamt hjólastígum sunnan megin. Akreinafjöldi Reykjavegar fækkar um eina akrein í hvora átt.

3.3.7.2. T-gatnamót

Gatnamót án ljósastryngingar. Akreinar þar sem að almenn bílaumferð er á biðskyldu og getur aðeins farið út af Suðurlandsbraut með hægri beygju eða inn á Suðurlandsbraut með hægri beygju. Með því að fella niður vinstri beygjur er markmiðið að tryggja forgang og greiðfærni Borgarlínu, minnka slysaþættu og einfalda stjórnun umferðarljósa.

Eftirfarandi gatnamót eru innan deiliskipulagsins og verður breytt frá núverandi ástandi:

Suðurlandsbraut-Faxafen

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera Faxafen eru upphækkaðir.

Suðurlandsbraut-Dalsmúli

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera Dalsmúla eru upphækkaðir.

Suðurlandsbraut-Hallarmúli

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera Hallarmúla eru upphækkaðir.

Suðurlandsbraut-Engjateigur

Gatnamótum lokað.

Suðurlandsbraut-Lágsmúli

Ekki er möguleiki á vinstri beygju. Göngu- og hjólastígar sem þvera Lágsmúla eru upphækkaðir.

3.3.8. Akbrautir

Akbrautir fyrir almenna bílaumferð eru beggja vegna Borgarlínubrauta, ein akrein fyrir bílaumferð í hvora átt. Á skipulagsupprætti eru sýndar leiðbeinandi akstursstefnur til skýringar.

3.3.9. Innkeyrslur

Nokkuð er um innkeyrslur sunnan Suðurlandsbrautar þar sem bílastæði eru oft inn á milli eða fyrir framan byggingar. Staðsetningar innkeyrsla á upprætti er ekki bindandi.

Aðeins er hægt að fara út af Suðurlandsbraut með hægri beygju eða inn á Suðurlandsbraut með hægri beygju.

Engar innkeyrslur verða norðan Suðurlandsbrautar.

3.3.10. Bílastæði

Ekki er gert ráð fyrir neinum bílastæðum innan deiliskipulagsmarkanna.

Sunnan megin götu, utan skipulagsmarka, er núverandi bílastæðum við Suðurlandsbraut 2-32 breytt vegna breiðara götusniðs.

3.3.11. Hjólastæði

Gert er ráð fyrir hjólastæðum á aðkomusvæði stöðva.

Hjólastæði - Suðurlandsbraut

- Hjólastæði skal ávallt staðsetja nálægt göngu- eða hjólastígum
- Nauðsynlegt er að hjólastæði séu sýnileg og auðvelt sé að nálgast þau
- Aðkoma verði án hindrana eða hæðarmismunar, líka í snjókomu
- Hjólastæði mega ekki hindra eða tefja för annarra ferðamáta

3.3.12. Svigrúm

Svigrúm eru staðsett milli Borgarlínubrauta og akbrauta beggja vegna. Breidd svigrúma er mismunandi, algengast 3 m en breiðust við stöðvarnar, 4 m.

Þetta eru sveigjanleg svæði sem má nýta á ýmsan máta, fyrir götugögn, gróður og blágrænar ofanvatnslausnir. Nýting fer eftir breidd svæðanna og staðsetningu.

3.3.13. Opin svæði

Opin svæði á uppdrætti eru öryggissvæði og/eða svæði til aðlögunar vegna hæðarmismunar eða aðliggjandi svæða. Opin svæði skulu hafa grænt yfirbragð nema öryggiskröfur segi til um annað. Nýta má opin svæði undir blágrænar ofanvatnslausnir.

3.3.14. Gróður

Vernda skal núverandi tré og annan gróður sem merktur er inn á deiliskipulagsuppdrátt. Komi til ófyrirséðra árekstra í tengslum við stöðvar, raflagnir og veitur er hægt að fjarlægja ákveðin tré í samvinnu við Reykjavíkurborg. Gera þarf samkomulag um gróðursetningu í staðinn fyrir þann gróður sem er fjarlægður.

Gróðursetja skal eins og kostur er við Borgarlínubrautir og stöðvarnar. Svigrúm og opin græn svæði eru skilgreind svæði sem hægt er að nýta til gróðursetningar.

Á skipulagsuppdrætti er nýr trjágróður merktur inn sem leiðbeinandi staðsetning. Fjöldi trjáa og nákvæm staðsetning er háð frekari útfærslu á framkvæmdastigi.

4. SAMRÁÐ

Deiliskipulag Borgarlínu í Reykjavík um Suðurlandsbraut er kynnt í Skipulagsgátt, þar sem má finna öll skjöl deiliskipulagsins og hægt er að senda inn athugasemdir.

>> <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/9999>

4.1.1. Kynning lýsingar

Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins koma fram í rammahluta aðalskipulagsins, er ekki tekin saman skipulagslýsing, í samræmi heimild 5.2.2 grein skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

4.1.2. Kynning og samráð við íbúa og lóðarhafa

Íbúar, fyrirtæki og lóðarhafa við Suðurlandsbraut fá sent kynningarefni á auglýsingartíma deiliskipulagsins.

Vegna breytinga á aðkomu bíla og bílastæða meðfram Suðurlandsbraut hafa verið haldnir samráðsfundi með lóðarhöfum og eigendum fasteigna þar.

4.1.3. Umsagnaraðilar

Umsagnaraðilar eru þær opinberar stofnanir og stjórnsýslueiningar sem sinna lögbundnum verkefnum í skipulagsmálum, leyfisveitingum, sinna þjónustu við íbúa eða hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd.

Eftirfarandi umsagnaraðilar fá skipulagstillöguna senda til sín til umsagnar:

- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Framkvæmdanefnd Vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Minjastofnun Íslands
- OR/Veitur
- Skipulagsstofnun
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Strætó bs.
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Eftirfarandi deildir og svið Reykjavíkurborgar:
- Heilbrigðiseftirlitið
- Skóla og frístundasvið
- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
- Skrifstofa framkvæmda og eignaumsjónar
- Skrifstofa borgarlandsins
- Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar
- Skrifstofa umhverfisgæða